

1. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Miðflokks í umhverfis- og heilbrigðisráði óska eftir upplýsingum um hversu oft heilbrigðiseftirlitið hafi farið í sérstakt eftirlit vegna myglu í Fossvogsskóla.

*Vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.*

2. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Miðflokks í umhverfis- og heilbrigðisráði óska eftir öllum niðurstöðum frá Heilbrigðiseftirlitinu úr þeim sérstöku eftirlitsferðum sem farnar hafa verið í Fossvogsskóla vegna mygluvandans.

*Vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.*

1. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fór í eftirlitsferðir þar sem sérstaklega voru skoðuð ummerki um leka- og rakaskemmdir í húsnæði Fossvogsskóla þann 13. mars 2019 og 16. maí 2019. Einnig voru farnar þrjár ferðir vegna úttekta eftir framkvæmdir og til að framkvæma loftgæðamælingar þann 12. febrúar, 21. febrúar og 6. mars 2020. Að auki fór fram reglubundið eftirlit þann 16. september 2019.

Heilbrigðiseftirlitið hefur að öðru leyti haft reglubundið eftirlit með Fossvogsskóla eins og öðrum grunnskólum í borginni og ekki verið kallað til sérstaklega vegna raka og myglu í skólanum fyrr en þetta mál kom upp.

2. Eftirlitsskýrslur vegna framangreindra eftirlitsferða eru í fundargögnum.